

Efri-Rauðsdalur

Örnefnaskrá Efri-Rauðsdals var endurskoðuð með Valdimar Hjartarsyni, Gullsmára 11, Kópavogi. Rætt var við hann í síma 18. og 30. apríl 1997 og 17. marz 1998 og skráðar viðbætur og athugasemdir, sem felldar eru inn í textann. Valdimar er fæddur í Efri-Rauðsdal 1923 og átti þar heima til 1970.

Helgi Guðmundsson skráði örnefni 13. maí 1936 eftir fyrirsögn Jónasar Hjartarsonar, bróður Valdimars. Höfð var til hliðsjónar önnur skrá, sem Helgi ritaði 31. ágúst 1933 eftir föður þeirra bræðra, Hirti Erlendssyni, bónda í Efri-Rauðsdal.

Landamerkjum Efri-Rauðsdals er lýst svo í landamerkjabók Barðastrandarsýslu: Að innanverðu milli Efri-Rauðsdals að utan og Neðri-Rauðsdals að innan skilur Rauðsdalsá til fjalls og fjöru. Að utanverðu milli Rauðsdals og Hvamms eru merki úr svokölluðu Langanefi uppi í fjallinu, beina sjónhending úr því eftir garðmóti því, sem gjörla sést fyrir ofan eftir Rauðkollshrygg í uppsett merki, nl. 3 hlaðnar vörður á bökkunum. Úr fyrrnefndu Langanefi eftir sömu stefnu og fyrr til fjallsbrúnar, og á fjalli uppi eftir sem vatni hallar að Rauðsdalslandi. Sömuleiðis úr fyrrnefndu merki á bökkunum beint til sjóar. Í jörðinni eiga engir ítök, eins og líka Rauðsdalur á engin ítök í annarra löndum.

Rauðsdalsá (1) er á merkjum milli Neðri- og Efri-Rauðsdals. Fyrir neðan túnið eru **Brekkur** (2). Þær eru frá Rauðsdalsá og út að Russá. Talað var um að fara „niður á Brekkur“. Vestan við Rauðsdalsá, fyrir neðan Brekkur, er dálítil flöt á melunum, nefnd **Naustabreiða** (3). Það er flöt með gamalli tóft, sem talin var hafa verið naust, og talið, að bátar hefðu verið hafðir þar á veturnum.

Tún Efri-Rauðsdals nær að Rauðsdalsá. Innst og efst á því er **Lambhústún** (4). Þar var áður lambhús, en nú er allt löngu slétt og allir kofar farnir. Fjárhúsin eru fyrir vestan bæ nú. **Bæjarlækur** (5) skilur Lambhústún frá öðrum hlutum túnsins. Fyrir utan lækinn og neðan bæ eru **Flatir** (6). Efst í túninu er **Hesthúsali** (7). Þar var áður hesthúskofi. Rétt fyrir innan Hesthúsala, en utan túns, er lítill hóll, sem heitir **Rauðshóll** (8). Þar á Rauður, sem dalurinn er nefndur eftir, að vera heygður. Rétt fyrir

innan bæinn er tunga, og efst í henni er lítill hóll, sem heitir **Álfhóll** (9). Engar sagnir voru tengdar honum og ekki mikið um álfatrú í Rauðsdal að sögn Valdimars.

Út af Flötunum fyrir neðan bæinn voru óræktarmóar, sem hétu Svörtumóar (10). Þar er nú allt löngu komið í tún. Fyrir utan þá er **Flatatún** (11), sem verið var að rækta 1936.

Flatatún nær niður að læk, sem heitir **Bóllækur** (12). Hann rennur ofan með túninu að utanverðu og rennur í Russá neðan til við Flatatún. Út af bænum, fyrir utan Bóllæk ofarlega, er gamall **Stekkur** (13). Stekkurinn var heillegur, þegar Valdimar man fyrst eftir, og hann sést enn, hefur ekkert verið hreyfður. Þarna er hóll, og var þar kallað **Ból** (14), „út á Ból“. Þetta réttarbrot er eina gamla tóftin, sem er óhreyfð. Þarna hefur verið kvíaból og kvíaær mjólkaðar. Valdimar veit ekki, hvenær síðast var fært frá, en því hefur verið hætt fyrir aldamót. Faðir hans fór að búa í Rauðsdal 1908-09.

Fyrir ofan túnið, uppi undir dalnum, heita **Bæli** (15) milli ána. Bælin eru lægð, og hefur fé líklega verið bælt þar áður fyrr. Yzt í Bælum, við Russá, er aurhóll, sem heitir **Þúfa** (16). Fyrir ofan Bæli eru brekkur milli ána, sem heita **Dalbrekkur** (17). Fyrir ofan þær er dalurinn, sem nefndur er **Rauðsdalur** (18). Á miðjum dalnum eru móar, og heitir þar **Dísuómór** (19). Hann mun vera kenndur við konu, sem var í Rauðsdal. Á Dísuómó er mikið af krækiberjum, og hún gæti hafa verið þar við berjatínslu. Ekkert tóftarbrot er að sjá, en þarna hefur eitthvað verið grafið, líklega tekið torf eða svörður til eldiviðar.

Innst og efst á dalnum er hlíð, sem heitir **Grænahlíð** (20). Hún er alveg gróin, almennari gróður en gerist í dalnum, og þar eru græn mosadý. Út af Grænuhlíð er hóll, sem heitir **Aurhóll** (21). Fyrir innan og ofan hann eru grashjallar, sem heita **Bekkir** (22), og fyrir utan hólinn eru brekkur, sem nefnast **Fossabrekkur** (23). Hóllinn er milli þeirra og Grænuhlíðar. Upp af Fossabrekkum er dalverpi, nefnt **Litlidalur** (24).

Þá er farið yfir **Russá** (25). Áin var alltaf nefnd svo, en ekki er vitað, hvernig á því nafni stendur. (Í eldri skránum er einnig haft nafnið **Rauðsá** (26).) Rauðsdalsá og Russá spretta báðar upp lengst frammi í dal, í Grænuhlíð og Fossabrekkum. Efri-Rauðsdalur er á milli ána, en Neðri-Rauðsdalur fyrir austan Rauðsdalsá.

Út af Litladal er flatt fjalllendi, **Flatafjall** (27). Niður undan því eru breiður með nokkru grasi og heita **Flár** (28). Innst í þeim er þúfa áberandi, **Arnarþúfa** (29). Það er stór þúfa uppi á kletti. Fuglar sátu oft þar, en ekki man Valdimar eftir erni þar. Fyrir neðan Flár eru hjallar, sem heita **Efri-** (30) og **Neðri-Nautahjalli** (31). Valdimar veit ekki, hvernig stendur á því nafni, en það mun vera gamalt. Rétt fyrir neðan fjárgötur eru **Davíðsstillur** (32) í Russá. Það eru steinar, sem stokkið var á milli. Þar dó Davíð Scheving að sagt var 1842.¹

Fyrir utan Russá og fyrir neðan Nautahjalla eru **Breiðar** (33). Þær eru graslendi milli giljanna (Stekkjargilja), flatneskja, sem hefur ekki verið ræktuð, enda er þarna harðlent og ekki ræktunarland. Fyrir utan Breiðar er **Stekkur** (34). Þar er nú nýtt tún, **Stekkjartún** (35), en stekkurinn fór ekki inn í túnið, og sést þar enn tóftarbrot. Stekkurinn er upp undir hlíðinni. **Ytra-** (36) og **Innra-Stekkjargil** (37) eru fyrir ofan Breiðarnar og upp undir kletta. Lækir eru í þeim í leysingum, en þau eru þurr á sumrin. Út af Stekk er hvolf, sem heitir **Stekkjarkjarkhvolf** (38). Fyrir utan það er **Skarðahjalli** (39). Þetta er allt upp af Skörðunum. Beint upp af Skarðahjalla eru **Ytri-** (40) og **Innri-Stekkjarklettur** (41), og lækur, sem kemur úr Stekkjargiljunum og kallaður er **Stekkjarklækur** (42), rennur á milli klettanna. Hann rennur svo bæjarmegin við Stekkjartúnið. Nautahjallarnir eru nær ánni.

Niður af Stekknum er **Skarðatún** (43). Þar var áður fyrr grasbýli, og minnir Valdimar, að kölluð hafi verið þar **Grænatóft** (44). Þarna voru rústir, en eru nú löngu horfnar og komnar í tún. Stekkurinn mun vera frá þeim tíma, er búið var á Skarðatúni.

Niður undan Skarðatúni lá gata til sjávar og var kölluð **Votagata** (45). Hún lá af mýrunum og niður á melana, að Russá. Mikið vatnsrennsli var úr mýrunum og rann niður brekkurnar með götunni. Votagata var reiðvegur og lá mjög svipað og bílvegurinn liggur nú. Um fjöru var farin fjaran fyrir neðan Skörðin, en Votagata var farin um flóð.

Út af Brekkum eru áframhaldandi brekkur, og yzt í þeim eru klettadrangar. Þar sem þeir koma í fjöruna, heita **Rauðsdalsskörð** (46), **Reiðskörð** (47) eða **Rauðsskörð** (48), eins og Valdimar nefnir þau. Í daglegu tali er venja að tala aðeins um

¹ Davíð Scheving Guðmundsson (1802-1842), sonur Guðmundar Scheving sýslumanns og kaupmanns í Flatey, bjó síðustu æviár sín í Efri-Rauðsdal. Um andlát hans segir, að hann „fannst örendur skammt frá bænum“. (Íslenzkar æviskrár I (Rvík 1948), bls. 307.)

Skörð (49). Þar er **Skottagjóta** (50), gjóta inn í Skörðin með lágri brík. Þar á Sveinn skotti að hafa verið hengdur.² Leggja má þar tré yfir og er „hentugur staður“ til þeirra hluta. Út og niður af Skörðunum og framhald af þeim eru **Skarðaköst** (51). Það eru stakir klettur í beinni röð, sem fara í kaf á flóði, en eru upp úr á fjöru. Þeir liggja langt út í fjörð, eins og þeim hafi verið kastað.

Upp af Rauðsskörðum og upp undir Skarðahjalla eru **Skarðamýrar** (52), sem nú eru orðnar tún. Í Skarðamýrunum var rist torf á hús og hey, meðan þök fjárhúsa voru úr torfi, og einnig voru hlaðnir úr því veggir. Mór var tekinn í mýrunum, en mótekja þar var ekki góð, mórinn ekki nema ein eða tvær stungur. Fenginn var mór í Neðri-Rauðsdal. Þar var djúpt og mikið mótak um landamerkin móti Arnórsstöðum.

Rétt fyrir innan Skörðin, undir Skarðaklettunum, voru **Beitarhús** (53), og þar voru tættur, enda höfð fjárhús fram á þessa öld. Eitthvað af tættunum sést enn. Bóndi, sem bjó í Efri-Rauðsdal á undan Hirti, hafði þar hús, en Hjörtur flutti fjárhúsin heim undir bæ. Fram af Beitarhúsunum eru **Húsasker** (54). Það eru lág sker, sem fara í kaf á hverju flóði.

Út af Skörðum liggja **Bugar** (55). Þeir eru áframhald af Brekkunum og liggja út undir Grafir. Fyrir ofan þá á hlíðinni heita **Skjól** (56). Þar voru hlaðnir garðar til skjóls fyrir skepnur, hross og fé, í tveimur eða þremur stöðum. Þetta er eldgamalt en sést vel fyrir því. Einn garður var uppistandandi, þegar Valdimar vissi síðast. Hlíðin í kring var kölluð Skjól, inn að Skarðahjalla og út undir Grafir. **Grafir** (57) voru aðgreindar og kallaðar **Innstagröf** (58), **Miðgröf** (59) og **Yztagröf** (60). Þetta voru kvosir ofan í bakkana og hefur hlaupið úr þeim, en nú er búið að fylla þær mikið upp, og vegurinn liggur yfir þær. Fram undan Gröfum eru **Grafarsker** (61) í flæðarmáli. Það eru flöt sker, sem fara í kaf á flóði. Þau eru fyrir vestan Skörð, milli þeirra og Hrafna-ness, sem er í Hvammslandi. Brekkubakkar út með sjónum frá Gröfum og út undir Rauðkoll (sem er á landamerkjum móti Hvammi) eru kallaðir **Grafarbakkar** (62). Hlíðin beggja megin við Grafir heitir **Grafarhlíð** (63).

² Sjá: Ólafur Davíðsson: *Íslenskar þjóðsögur* (3. útg.) III (Rvík 1979), bls. 225-227. Samkv. annálum hefur þetta verið árið 1646 eða 1647 (Annálar I (Rvík 1922) , bls. 286-87 (Seyluannáll) og 334 (Vallholtsannáll)), en í þjóðsögunni segir, að það hafi verið 1648.

Fyrir utan Grafarhlíð er **Prætulág** (64), og milli hennar og Yztugrafar eru **Grafarhólar** (65). Um Prætulág liggja landamerki Hvamms og Rauðsdals. Báðir bæir áttu hana, og þar var slegið í gamla daga. Merkin eru skv. landamerkjabréfi um **Rauðkollshrygg** (66) og í **Langanef** (67) eða **Langaklettsnef** (68), sem sumir kalla svo í seinni tíð. Langaklettsnef er langt nef eða klettur, sem skerst lengst niður í hlíðina frá aðalklettunum. Í fjörunni aðeins Rauðsdalsmegin við Hrafnanes er klettur, kallaður **Ruddes** (69), einstakur standbergsklettur, hár en ekki mikill um sig. **Rauðkollur** (70) er stór, rauður steinn á Grafarbökkunum fyrir ofan hann. Þeir eru báðir á landamerkjum, og línan liggur úr Rauðkollu í Langaklettsnef. Upp af Rauðkollu er hryggur, gömul aurskriða, sem hefur runnið niður. Það er Rauðkollshryggur, sem merkin liggja eftir.

Þá eru klettarnir eftir. Fyrir ofan Rauðsdalsland heitir **Rauðsdalsfjall** (71). Innst í því neðarlega er **Breiðhilla** (72) og þrjú nef niður úr henni, sem heita **Breiðhillunef** (73). Þar fyrir ofan er **Mjóhilla** (74). Fyrir ofan hana er nefnt **Fuglberg** (75) eða **Rauðsdalsbjarg** (76). Sigið var í Fuglberg eftir eggjum áður fyrr, en Valdimar man ekki eftir því. Í hans tíð var gengið í hillurnar og tínd egg, en fuglinn hvarf, þegar minkurinn kom. Mjó og stutt hilla yfir Fuglbergi heitir **Festarhilla** (77). Þar sat maður til að sjá, hvað sigmanni liði niðri í Fuglberginu, þegar sigið var í það. Fyrir ofan Festarhillu er breið og löng hilla, sem heitir **Aðseturshilla** (78). Þar sátu menn með vaðinn, þegar sigið var í Fuglbergið. Hillurnar ná langt út eftir, alveg út undir Hvammsland, og inn á dal.

Fyrir utan Fuglberg eru **Streymur** (79). Það eru smálækir, sem spýttast fram úr Festarhillunni, renna niður bergið og sýnast eins og band niður. Þeir koma þar undan berginu margir í röð, frá Festarhillu og út undir **Golsanef** (80), sem er klettabrick neðst undir klettunum. Valdimar veit ekki um tildrög þess nafns, en svelti voru í fjallinu, og gæti það verið af slíku tilefni. Golsanef er upp af Skjólunum. Stórt nef og svipað Golsanefi er fyrir utan það og heitir **Stóranef** (81). Út af því eru **Grafarnef** (82) eða **Grafarklettur** (83), sem ná út undir Langaklettsnef. Upp af Gröfunum eru grösugir teigar, **Grafarteigar** (84), og er þar gras alveg upp undir Grafarklettana.

Hádegi var í Efri-Rauðsdal, þegar sólin var yfir Vatnsskarði upp af Stykkishólmi (það er Kerlingarskarð, sem kallað er Vatnsskarð á Barðaströnd), og um nónn var sólin komin út á Jökul. Um miðaftan (kl. 6) var hún komin vestar.

Efri-Rauðsdalur 6

Örnefnastofnun, 8. apríl 1998

Jónína Hafsteinsdóttir

Stafrófsskrá örnefna.

Aðseturshilla 78	Miðgröf 59
Álfhóll 9	Mjóhilla 74
Arnarpúfa 29	Naustabreiða 3
Aurhóll 21	Nautahjalli, Efri- 30
Beitarhús 53	Nautahjalli, Neðri- 31
Bekkir 22	Neðri-Nautahjalli 31
Ból 14	Rauðkollshryggur 66
Bóllækur 12	Rauðkollur 70
Breiðar 33	Rauðsá 26 = 25
Breiðhilla 72	Rauðsdalsá 1
Breiðhillunef 73	Rauðsdalsbjarg 76 = 75
Brekkur 2	Rauðsdalsfjall 71
Bugar 55	Rauðsdalsskörð 46 = 47, 48, 49
Bæjarlækur 5	Rauðsdalur 18
Bæli 15	Rauðshóll 8
Dalbrekkur 17	Rauðsskörð 48 = 46, 47, 49
Davíðsstillur 32	Reiðskörð 47 = 46, 48, 49
Dísumór 19	Ruddes 69
Efri-Nautahjalli 30	Russá 25 = 26
Festarhilla 77	Skarðahjalli 39
Flár 28	Skarðaköst 51
Flatafjall 27	Skarðamýrar 52
Flatatún 11	Skarðatún 43
Flatir 6	Skjól 56
Fossabrekkur 23	Skottagjóta 50
Fuglberg 75 = 76	Skörð 49 = 46, 47, 48
Golsanef 80	Stekkjargil, Innra- 37
Grafarbakkar 62	Stekkjargil, Ytra- 36
Grafarhlíð 63	Stekkjjarhvolf 38
Grafarhólar 65	Stekkjarklettur, Innri- 41
Grafarklettur 83 = 82	Stekkjarklettur, Ytri- 40
Grafarnef 82 = 83	Stekkjjarlækur 42
Grafarsker 61	Stekkjartún 35
Grafarteigar 84	Stekkur 13
Grafir 57	Stekkur 34
Grænahlíð 20	Stóranef 81
Grænatóft 44	Streymur 79
Hesthúsballi 7	Svörtumóar 10
Húsasker 54	Votagata 45
Innra-Stekkjargil 37	Ytra-Stekkjargil 36
Innri-Stekkjarklettur 41	Ytri-Stekkjarklettur 40
Innstagröf 58	Yztagröf 60
Lambhústún 4	Þætulág 64
Langaklettsnef 68 = 67	Þúfa 16
Langanef 67 = 68	
Litlidalur 24	